



Samtök grænkerana  
á Íslandi

26. maí 2021

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis.**

Stjórn Samtaka grænkerana á Íslandi fagnar tillögunni sem er fyrir löngu orðin tímabær. Það er ljóst að neysluhegðun Íslendinga þarf að breytast mikið á komandi árum sökum loftslagsvárs og mataræði er þar ekki undanskilið.

Til að ná árangri skiptir máli að ná til sem flestra. Með því að gera grænkerafæði aðgengilegra er fólki sem hefði annars fengið sér kjötrétt gert kleift að minnka kolefnisspor sitt á einfaldan hátt ásamt því að stuðla að bættri heilsu. Stjórn Samtaka grænkerana á Íslandi er ekki í nokkrum vafa um að það myndi skila sér í mikið aukinni neyslu grænkerafæðis.

Þetta er skref í rétta átt og við erum þakklát fyrir að áskorun okkar var svarað.

Áhugasöm geta kynnt sér áskoranir okkar hér:

[Áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar og sveitarfélaga Íslands frá Samtökum grænkerana á Íslandi.](#)

[Áskorun til allra leik- og grunnskóla landsins](#)

Virðingarfyllt,

Stjórn Samtaka grænkerana á Íslandi